

***BORGARRÁÐ 14. október 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að reglur um strætókort taki mið af búsetuheimili og þeim skóla sem barnið sækir - R21090274***

Lagt er til að reglur um strætókort handa nemendum í grunnskólum Reykjavíkurborgar taki mið af bæði lögheimili og búsetuheimili barns og að börn sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra eigi einnig rétt á strætókorti. Eins er lagt til að þau börn sem sækja skóla í öðru hverfi en lögheimili þeirra fái einnig strætókort. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að börn skipta um skóla og í lang flestum tilvikum eru foreldrar að taka ákvörðun sem þau telja barni sínu fyrir bestu. Börn hafa kannski þurft að skipta um skóla vegna eineltis og sækja þá skóla fjarri heimili sínu af þeim sökum. Einnig er hér um að ræða börn sem hafa flutt í nýtt hverfi en vilja halda tengslum við vini í gamla skólanum þar til haldið er í menntaskóla. Fráleitt er að neita þeim um strætókort.

**Greinargerð:**

Reglur um strætókort handa nemendum í grunnskólum Reykjavíkurborgar kveða á um að miða skuli við lögheimili barns og fjarlægð þess frá skóla þegar ákveðið er hvort barn eigi rétt á strætókorti eða skólaakstri. Nú er það svo að sum börn eiga tvö heimili þótt einungis annað þeirra sé lögheimili barnsins. Það verur sífellt algengara að barn dvelji viku og viku hjá sitthvoru foreldri og ekki búa allir foreldrar í sama hverfi. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að reglum sé breytt þannig að tekið sé tillit til fjarlægðar skóla frá því báðum heimilum barns til að auðvelda foreldrum að ala upp börn sín í sameiningu. Þessi tillaga er í samræmi við nýsamþykktar breytingar á barnalögum sem taka gildi næstu áramót og opna á það að foreldrar skrái bæði lögheimili og búsetuheimili barns, og taki sameiginlegar ákvarðanir um hagsmuni barns í slíkum tilvikum. Þetta ætti ekki að auka kostnað borgarinnar, nema lítillaga, enda e.t.v. ekki mörg tilvik þarna undir.